

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi 8. maí 2005

Alþingi

Erindi nr. Þ 131/1843

komudagur 9.5.2005

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
150 Reykjavík


Umsögn um samgönguáætlun

Á fundi hreppsnefndar þann 3. maí s.l. var fjallað um erindi samgöngunefndar dags. 18. apríl þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Hreppsnefnd vísar í umsögn sem send var sameiginlega af hálfu sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu, einnig í meðfylgjandi erindi sem sent var vegagerð, þingmönnum suðurkjördæmis, samgöngunefnd Alþingis og fleirum í október s.l. um sama efni. Hjalagt er einnig til kynningar, afrit af tölvupósti sveitarstjóra til þingmanna suðurkjördæmis.

Hreppsnefnd gagnrýnir þau vinnubrögð að ekki skuli ætlaður lengri timi en ein vika til að veita umsögn í umfangsmiklu máli sem þessu. Vilji er til þess að vinna slíkar umsagnir af alvöru þar sem um er að ræða mjög mikilvægt mál fyrir íbúana.

Virðingarfyllst,

**Sveitarstjóri Skeiða-
og Gnúpverjahrepps**

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri

Bréf og fylgigögn hafa verið send til stefanarni@althingi.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Ályktun um vegamál 2004

Samþykkt á fundi hreppsnefndar þann 5. október 2004

Vegagerð ríkisins
Svanur Bjarnason rekstrarstjóri
Breiðumýri 2
800 Selfoss

Efni: Ályktun Hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um vegamál

Á fundi sínum í dag 5. október fjallaði Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps um ástand vegamála í hreppnum. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Nýframkvæmdir

1) Varanlegt slitlag

Umferð um Heiðarbraut (3357) af Þjórsárdalsvegi (32) að Gnúpverjavegi (325) og um Gnúpverjaveg (325) frá Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár og upp undir Ása er orðin mjög mikil, ekki síst á sumrin. Í hreppnum er orðin töluverð sumarhúsabyggð og ferðapjónusta sem gerir það að verkum að umferðarpungi á þessum vegum er mikill. Hreppsnefnd leggur mikla áherslu á að hafin verði lagning varanlegs slitlags á þessari leið.

2) Nýr vegur - Mástunguvegur

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um lagningu Mástunguvegar frá Ásaskóla upp með Kálfá að Mástungum. Vegagerð hefur þegar gert tillögu að vegstæði. Þörfin fyrir úrbætur á þessum stað liggur ótvírætt fyrir að mati hreppsnefndar þar sem núverandi vegur getur ekki talist viðunandi til frambúðar vegna þeirrar starfsemi sem fram fer og er vaxandi á svæðinu. Kúabú, svínabú og hótél með tilheyrandi stórflutningum aðfanga og afurða eru starfrækt á þessu svæði. Auk þess má minna á daglegan akstur með skólabörn, venjubundna umferð íbúa til annara starfa og verkefna allan ársins hring. Síðast en ekki síst er minnt á vaxandi umferð ferðafólks í tengslum við hótelið í Minni Mástungu, veiðihús í Laxárdal og fjallaskála á afrétti sem æ fleiri ferðamenn heimsækja ár hvert.

3) Varanlegt slitlag

Hreppsnefnd brýnt og viðeigandi að varanlegt slitlag verði sett á aðkomur beggja kirkjustaða sveitarinnar þ.e. að Ólafsvallakirkju og Stóra Núpskirkju.

Önnur brýn verkefni

Almennt viðhald vega

Hreppsnefnd leggur þunga áherslu á að almennt viðhald vega sé bætt og skorar á alþingi að auka fjárveitingar til viðhalds vega. Þar er sérstaklega átt við heflun, ofaníburð og rykbindingu malarvega. Stór hluti vegakerfis Skeiða- og Gnúpverjahrepps er án bundins slitlags. Því miður hafa íbúar oft þurft að bíða lengi eftir lagfæringum. Sérstaklega má benda á afleitt ástand Vorsabæjarvegar (324) frá Skálholtsvegi (31) um Álfsstaði að Vorsabæ. Um þann veg skólabílar daglega auk flutningabíla tengdum búskap og daglegu lífi íbúanna.

Öryggislagfæringar

1) Kálfárbrú - Tvöföldun brúar á Kálfá vestan Árness á Þjóðvegi 32 er orðin brýn. Umferð um veginn er mjög mikil og að stórum hluta þungaflutningar vegna aðfanga og afurðaflutninga tengdum búrekstri, vikurnáms og starfsemi virkjana. Alvarleg slys hafa orðið á brúnni og brýnt að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

2) Vegur frá Þrándarholti að Kálfárbrú. Þar hafa orðið alvarleg umferðarslys.

Ferðamannaleiðir

Vegur að Háafossi – Í Þjórsárdal má finna fallegar náttúruperlur, merkilega sögustaði og fornminjar. Á vettvangi Ferðamálaráðs hefur verið rætt um nauðsyn þess að beina sjónum ferðamanna í nýjar áttir ekki síst til að dreifa umferð og hlifa fjölförnum stöðum. Hreppsnefnd í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins, erlenda samstarfsaðila og fleiri vinnur að því að vekja athygli ferðamanna á Þjórsárdalnum. Þótt undarlegt megi virðast þá er enginn vegur að Háafossi einungis vegarslóði sem enginn vill eiga og er illfær á stundum vegna vatnsaga og grófleika.

Hálendisvegir

Hreppsnefnd leggur áherslu á úrbætur á Sprengisandsleið, vegir verði byggðir upp og ár brúaðar. Þannig verður stórbætt tenging við Mývatnssvæðið sem er mikilvægt fyrir ferðamannaíðnaðinn.

Þetta tilkynnist hér með,

Virðingarfyllst,

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri

Afrit sent með pósti:

Vegamálastjóra

Afrit sent með tölvupósti:

Alþingismönnum Suðurkjördæmis

Samgöngunefnd Alþingis

Samgönguráðherra

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga

Tölvupóstur 11. apríl 2005

Heilir og sælir kærur þingmenn Sudurkjördæmis

Ég hef verið að glugga í vegáætlun sem nýlega var lögð fyrir Alþingi, frumvarpið gefur ákveðna mynd af málum en vekur líka upp ýmsar spurningar sem ég vona að þið getið svarað.

Í kafla 4.2.1. Grunnet

4.2.1.1. Almenn verkefni segir:

„Fjármagn til almennra verkefna skiptist með sama hætti og er í gildandi vegáætlun á árunum 2005 og 2006 (ok ég get flett því upp). Á árunum 2007 og 2008 er lögð til nokkuð önnur skipting sem tekur mið af lengd og umferð stofnvega í viðkomandi kjördæmi. Skipting til einstakra verkefna fer fram við afgreiðslu áætlunarinnar á Alþingi“

Spurning: Get ég fengið upplýsingar um a. **Tillögu að skiptingu fjármagns til almennra verkefna árin 2007 til 2008.** og b. **Umferðarmælingar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ?**

Í kafla 4.2.2. Utan grunnets.

4.2.2.1. Tengivegir segir:

„Skipting til einstakra verkefna fer fram við afgreiðslu áætlunarinnar á Alþingi“

Spurning: Get ég fengið upplýsingar um: „**Tillögu að skiptingu fjármagns til tengivega.**“

4.2.2.2 Ferðamannaleiðir segir:

„Skipting til einstakra verkefna fer fram við afgreiðslu áætlunarinnar á Alþingi“

Spurning: Get ég fengið upplýsingar um: „**Tillögu að skiptingu fjármagns til ferðamannaleiða.**“

Ástæða þess að ég spyr er sú að ég sé ekki viðbrögð við óskum Skeiða- og Gnúpverjahrepps (sbr. erindi frá í október 2004) í tillögunum. Skýringin kann að liggja í þessari setningu „Skipting til einstakra verkefna fer fram við afgreiðslu áætlunarinnar á Alþingi“ Ég reikna með að hreppsnefnd ræði þessi mál eitthvað á sínum næsta fundi og vona að þið getið gefið mér einhver svör í nestið.

Með bestu óskum um gleðilegt sumar.

Ingunn Guðmundsdóttir

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

ingunn@skeidgnup.is

486 6014 895 8432

